
E F N I

LESBÓK
MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.



Forsíðan

Myndin er af nýju málverki eftir Hallgrím Helgason, málara og rithöfund og er á sýningu hans á Kjarvalsstöðum, sem opnuð verður í dag. Myndin heitir „Módel nr. 13“ og er frá 1986.

Menningin

er tiltölulega nýtt fyrirbæri í sögu mannkynsins. Hún spratt upp í Mesópótamíu, þegar sú staða kom upp, að menn gátu framleitt meiri mat en þeir gátu torgað og til urðu birgðir, sem hægt var að selja. Það var fyrsta kapítalið í veröldinni og kaupmaðurinn varð af eðlilegum ástæðum upphafsmaður menningarinnar. Um þetta skrifar Gunnar Dal.



Fúlgur

fjár eru nú greiddar fyrir verk einstakra málara úr listasögunni og hafa Japanir sprengt verðlagið upp úr öllu valdi. Þetta hefur orðið til þess m.a. að fræg listasöfn eru lögst í brask og t.d. hefur Nútímalistasafnið í New York selt frá sér sjö verk nafnfrægra meistara til þess að eignast eina mynd eftir van Gogh. Um þetta skrifar Hannes Sigurðsson listfræðingur í New York.

Þristurinn

Nýja 300-línan frá BMW hefur verið kynnt blaðamönnum og Lesbókin leit á hann og reynsluók honum í Suður Frakklandi í desember. Þessa bíls hefur verið beðið með talsverðri eftirvæntingu og má í fáum orðum segja, að hann standi vel undir öllum væntingum.

KOLBEINN TUMASON

Heyr, himna smiðr

Heyr, himna smiðr,
hvers skáldið biðr,
komi mjúk til mín
miskunnin þín.
Því heit eg á þig,
þú hefur skaptan mig;
eg er þrællinn þinn,
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,
að þú græðir mig,
minnst, mildingr, mín,
mest þurfum þín.
Ryð þú, röðla gramr,
ríklyndr og framr,
hölds hverri sorg
úr hjarta-borg.

Gæt, mildingr, mín,
mest þurfum þín,
helzt hverja stund
á hölda grund.
Set, meyjar mögr,
máls efni fögr,
öll er hjálp af þér,
í hjarta mér.

Kolbeinn Tumason, f. um 1173, var Skagfirðingur og einn hinna kappsfullu höfðingja á Sturlungaöld. Hann átti mestan þátt í að koma Guðmundi góða í biskupsstól á Hólum og lenti síðan í harðri andstöðu við hann, sem náði hámarki í Víðinesbardaga 1208, þar sem Kolbeinn fékk banvænan stein í höfuðið eins og sjónvarpsáhorfendur sáu í mynd um Guðmund góða um jólin.

R A B B

HVAR ER BÚRKÍNA FASÓ?

Gamall kunningi barst inn á borð til mín í svartasta skammdeginu: „Almanak fyrir Ísland 1991“, 155. árgangur og útgefið af Háskóla Íslands. Þetta er elzta rit, sem útgefið er hér á landi að Skírni einum frátöldum. Því er oft ruglað saman við Þjóðvinafélagsalmanak, sem er hliðstætt en yngra; nýtir sumt úr almanaki Háskólans, en bætir síðan öðru efni við. Jón Sigurðsson forseti lét taka upp latneskt letur á „Íslandsalmanakinu“ árið 1849; áður hafði það verið prentað með gotnesku letri.

Segja má að formið sé að mestu óbreytt síðan 1861. Aftan við hvern mánaðardag er getið um messur og aftan við hvern sunnudag er tilvísun í Nýja Testamentið. Þar geta menn séð guðspjall dagsins og stendur til að mynda aftan við sunnudaginn 13. janúar: „Þegar Jesús var tólf ára. Lúk. 2“. Þessi fyrsti sunnudagur eftir þrettánda heitir raunar Geisladagur og af öðru markverðu framundan má nefna, að nýtt tungl - þorratungl - kviknar á þriðjudaginn, en á fimmtudaginn er Antóníusmessa. Á öðrum sunnudegi eftir þrettánda er síðan Bænadagur að vetri og síðar í þeirri viku eru Agnesarmessa og Vincentínusarmessa. Þorri byrjar svo á Pálsmessunni þann 25. og tveimur dögum seinna hefst níuviknafastan.

Í næsta mánuði sjáum við, að vetrarvertíð hefst þann 4. og að dagana 11.-13. er þrenningin Bolludagur, Sprengidagur og Öskudagur, sem verða væntanlega haldnir hátíðlegir á sinn hátt. Og um það leyti er skammdeginu lýkur, 10. febrúar, hefst Langafastan.

Þetta þykja trúlega undarleg og kannski óþörf fræði á tölvuöldinni. Þarna er tímatal, sem almennt er ekki notað lengur; samt er óþarft að láta það týnast og gleymast. Okkur er ekki lengur tamt að segja eitthvað hafa gerst á öðrum sunnudegi í föstu, eða 15. viku sumars. Við flytjum ekki lengur búferlum í fardögum; vinnuhjúaskildaginn er fyrir löngu búinn að glata hlutverki sínu og það er óvíst að stór hluti landsmanna hafi Höfuðdaginn á hreinu. Það gera bændur þó ennþá, einkum á Suðurlandi, þar sem ævinlega er vonast eftir betri tíð eftir Höfuðdag, ef ekki hefur stytt upp allt sumarið. Kannski er mjög ofsagt að allir landsmenn viti hvenær Jónsmessan er; ég ætla þó að hún sé miklu betur þekkt en aðrir messudagar dýrlinga, svo kyrfilega sem hún hefur orðið samofin sólstöðunum.

Í almanaki Háskólans er að auki margvíslegur fróðleikur, til að mynda mánaðarlegt yfirlit um stöðu björtustu reikistjarnanna. Um þá stöðu í janúar segir svo:

„Júpíter er bjartasta stjarnan á næturhimninum. Í byrjun mánaðar kemur hann upp nokkru eftir að dimmt er orðið í Reykjavík en í mánaðarlok er hann á lofti alla nóttina. Hann er þá í gagnstöðu við sól og í hásuðri á miðnætti, hátt á lofti. Júpíter er í krabbamerki. Mars er kvöldstjarna á austurhimni þegar dimmir og sest fyrir birtingu. Í byrjun mánaðar er hann nærri því eins bjartur og bjartasta fastastjarnan (Síríus), en þegar á mánuðinn líður dofnar hann talsvert. Mars er í nautsmerki og þekkist á rauða litnum. Venus er kvöldstjarna, mjög lágt í suð-suðvestri við sóalrlag í Reykjavík. Hún er að fjarlægjast sól og hækkar smám saman á lofti.“

Um Vetrarbrautina, sem er okkar sýsla í alheiminum, segir almanakið, að þar séu hundrað þúsund milljónir stjarna. Stendur í einhverjum að ná utanum slíka tölu? Þetta er sandur af stjörnum, en ekki eru þær beinlínis að rekast hver á aðra, því meðalfjarlægðin milli þeirra er 5 ljósár. Breiddin á þessari sýslu okkar er talin vera 100 þúsund ljósár og sólin okkar er frekar vel í sveit sett, aðeins 28 þúsund ljósár frá miðjunni.

Ef aftur á móti má líkja vetrarbrautunum við lönd í alheiminum, þá upplýsir almanakið, að meðalfjarlægð milli vetrarbrauta er 5 ljósár. Þarna er nóg pláss. Fjarlægðin til endimarka hins sýnilega heims er talin vera 15 þúsund milljónir ljósár og löndin, ef segja má svo, vetrarbrautirnar í hinum sýnilega heimi, eru 100 þúsund milljónir. Með þá tölu í huga finnst kannski einhverjum, að líf hljóti að vera til víðar en á Jörðinni, þessari agnar-pínu ögn í alheiminum.

Snúum okkur þá að þessari agnarögn okkar, Jörðinni. Almanak Háskólans birtir skrá yfir sjálfsæð ríki í heiminum og ber þau saman við stærð Íslands og mannfjölda þar saman við fjölda Íslendinga. Eins og sakir standa eru 170 sjálfstæð ríki í heiminum. Sagt er stundum að þessi heimur verði sífellt minni og minni; það er jafnvel talað um heimsþorpið. Þrátt fyrir gífurlegt upplýsingastreymi og stöðugan fréttaflutning í blöðum og ljósvakamiðlum, láta nöfnin á stórum hluta þessara ríkja svo ókunnuglega í eyrum, að líklega komast þau aldrei í fréttir. Þar gerist víst ekki neitt sem þykir markvert.

Það kemur á óvart hve mörg sjálfstæð smáríki eru í heiminum; svo lítil, að 24 þeirra eru fámennari en Ísland. Flest þeirra eru á eyjum í Kyrrahafi eða Karíbahafi og raunar hef ég ekki hugmynd um hvar dvergríkin Túvaleyjar og Nárú eru; þau deila með sér þeim heiðri að vera næst fámennustu ríki heimsins með íbúatölu uppá 10-12 þúsund. Fámennasta ríki heimsins er hinsvegar á Samóaeyjum vestri, þar sem mannfjöldinn er um 8 þúsund. Vestmannaeyingar gætu þessvegna farið að athuga sinn gang.

Við erum viðkvæmir fyrir því Íslendingar, þegar við hittum fólk erlendis, sem hreinlega hefur ekki hugmynd um hvar þetta land okkar er á hnettinum. Samt vitum við trúlega ekki mjög mikið um þessi liðlega 20 smáríki, sem eiga það sameiginlegt að telja 255 þúsund íbúa og þaðan af færri. Næst okkur í Evrópu eru Liechtenstein, Mónakó, Andorra og San Marínó, öll mun fámennari en Ísland, að ekki sé nú talað um Páfaríkið í Róm. Þessi nöfn þekkjum við þó. En það versnar í því þegar nefndar eru til sögunnar Vanúatúeyjar, Antigúa og Berbúda, St. Kristófer og Nevis, Seysjelleyjar, St. Lúsía, St. Vinsent og Grenadíneyjar, Brúnei og Belís. Allt eru þetta þó sjálfstæð ríki.

Mér finnst líka lítið fara fyrir landafræðikunnáttunni hjá þessum Lesbókarskrifara þegar litið er á nöfnin á höfuðborgum - og það í löndum með tugi milljóna íbúa. Í ríkinu Búrkína Fasó, sem er nærri þrisvar sinnum stærra en Ísland og með meira en þrítugfalda íbúatölu er höfuðborgin Óagadógó. Hefur einhver heyrt hana nefnda? Vopnaður nýju alfræðiorðabókinni réðist ég í að gá að þessu landi og þar var upplýst að fram til 1984 hét það Efri Volta og er landlukt ríki suður af eyðimörkinni Sahara.

Veröldin breytist hratt og gömul landafræðikunnátta verður utangátta. Hvað vitum við til dæmis um höfuðborgina Bújúmbúra í Búrúndí, Timfú í Bútan, Maserú í Lesótó, Nóaksjott í Máritaníu, Paramaríbó í Súrínam, Núkúalófa á Tongaeyjum og Tegúsígalpa í Hondúras? Eru þetta ekki álíka ókunnir staðir og Proxima Centauri í Mannfáki, Barnard í Naðurvalda, Lalande í Stórabirni og Síríus í Stórahundi; allt fastastjörnur, sem eiga þó að heita nálægar samkvæmt almananakinu?

Svona lætur þetta yfirlætislausa almanak Háskólans mann komast að raun um hvað vitneskjan nær skammt og að allt þetta hjal um heiminn sem sífellt minnkandi þorp er bara belgingur og blekking. Áður en ég las almanakið hafði ég nokkurnveginn á hreinu hvað einn metri er; svona sæmilega stórt skref, eða 100 sentímetrar á tommustokk. En það er nú eitthvað annað. Einn metri er sú vegalengd, sem ljósið fer á 1/299 792 458 hluta úr sekúndu í lofttómu rúmi og hananú!

GÍSLI SIGURÐSSON